

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1994

17. október 1994

1841

Nr. 552

REGLUGERÐ

um gjald fyrir eftirgerð af hljóðupptökum af munnlegum skýrslum
við meðferð einkamáls í héraði.

1. gr.

Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skv. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, með síðari breytingum skal greiða eftirfarandi gjald í ríkissjóð:

- | | |
|--|---------|
| 1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín. | 400 kr. |
| 2. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 60 mín. | 350 kr. |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 19. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 17. október 1994.

F. h. r.

Bragi Gunnarsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.